

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 10. maí 2017
UST201704-104/K.S.J.
10.04.00


Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020. Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi - Naustahvilft Skutulsfirði


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar er barst 11. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 og lýsingu tillögu að deiliskipulagi Naustahvilftar og umhverfis hennar, í Skutulsfirði.

Í lýsingu kemur fram að vinsæl gönguleið liggur frá Þjóðvegi og upp í Naustahvilft um Kirkjubólshlíð sem er í 225 m hæð. Einnig kemur fram að gönguleiðin hefur látið á sjá. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að svæðið verði skipulagt, byggt upp og náttúra svæðisins vernduð.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir lýsinguna og að mati stofnunarinnar er í ofangreindum lýsingum gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur